

# VÍSINDARÁÐ LANDSPÍTALA - ÁRSSKÝRSLA 2020

## FORMÁLI

Árið 2020 var sérstakt að öllu leyti og þá vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins. Þótt hefðbundin störf ráðsins hafi ekki breyst var umgjörð starfsins með öðrum og nýstárlegri hætti; yfirferð og mat á umsóknum um styrki Vísindasjóðs Landspítala fór fram á rafrænum fundum ráðsins eins og umsjón með dagskrá og uppsetningu Vísindi á vordögum, þ.m.t. faglegri yfirferð innsendra vísindaágripa, val á heiðursvísindamanni og ungum vísindamanni Landspítala árið 2020.

Hefðbundin verkefni Vísindaráðs á því starfsári sem var að líða voru einnig minni að umfangi en oft áður. Vegna faraldursins hefur klínískt álag sjaldan verið meira. Ekki bara á það starfsfólk spítalans sem kom beint að því að sinna smituðum einstaklingum. Líka hinna sem þurftu að skiptast á að koma til vinnu til að minnka hættu á að starfsemin á vinnustaðnum þeirra legðist alveg niður, ef upp kæmi smit. Eðlilega leiddi þetta ástand til þess að minni tími gafst til að sinna vísindum en ella. Sem endurspegladist í nokkuð færri umsóknum til Vísindasjóðs en árið á undan.

Líklegast hefði það ekki breytt miklu þó að ákveðinn hluti af rekstrarfé spítalans hefði verið eyrnamerkur vísindastarfseminni því ástandið á síðasta ári var auðvitað fordæmalaust. Það minnkar samt ekki mikilvægi þess að við höldum áfram að leggja áherslu á að vísindastarf á Landspítala endurspeglar betur í rekstrartölum hans og að fyrirhuguð vísindastarfsemi sé ljós í öllum áætlanagerðum fyrir spítalann. Eigi vísindaleg markmið spítalans að nást er mikilvægt að hafa í huga vísindastarfsemina þegar teknar eru ákvarðanir í tengslum við mönnun á spítalanum. Þetta á einnig við um byggingu nýs spítala. Stefna spítalans er að ástundun vísindalegra rannsókna sé samofin daglegri starfsemi. Það er því mikilvægt að gera ráð fyrir nægilegu rými til vísindastarfsemi innan veggja spítalans og að rýmið sé í sem mestri nálægð við klínísku starfsemina.

Grundvallaratriði alls þessa er að ákveðið fé sé eyrnamerkt vísindastarfseminni. Landspítali er eini háskólaspítali landsins og þeir sem bera ábyrgð á uppbyggingu hans og rekstri þurfa að fá eyrnamerkt fjármagn til frekari uppbyggingar á vísindastarfi starfsfólks Landspítala. Þangað til það verður að raunveruleika er hætta á að vísindin verði of oft að afgangsstærð í rekstri spítalans.

Hið þríþætta hlutverk Landspítala er þjónusta við sjúklinga, vísindarannsóknir og kennsla. Þarfir sjúklinga og annarra skjólstaðinga spítalans hafa eðlilega alltaf forgang. Um það eru allir sammála og því verður aldrei breytt. Þess vegna er mikilvægt að ganga í það verkefni að finna út hvað vísindastarfsemi spítalans kostar og ákveða síðan hvað hún má kosta og eyrnamerkja það fé vísindastarfsemi Landspítala. Setja síðan þær tölur inn í áætlanagerðir og rekstartölur spítalans til að gæta að gagnsæi. Vísindarannsóknir eru mikilvægur þáttur þess að þjónustan við sjúklinga byggir alltaf á því besta sem býðst hverju sinni.

Rósa Björk Barkardóttir, formaður Vísindaráðs Landspítala

## ÁRSSKÝRSLA 2020

Vísindaráð Landspítala er framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindastefnu og vísindastarf á spítalanum. Vísindaráð hefur umsjón með mati á umsóknnum til Vísindasjóðs Landspítala og á aðild að úthlutun styrkja samkvæmt reglum sjóðsins og semur og innleiðir matsreglur í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir með hliðsjón af matsreglum íslenskra háskóla. Þá er Vísindaráð til ráðgjafar við veitingu viðurkenninga fyrir vísindastörf á spítalanum. Árlega er haldin uppskeruhátíð vísinda á Landspítalanum, Vísindi á vordögum, þar sem vísindastarf er kynnt fyrir starfsfólki spítalans, fræðimönnum og almenningi. Einnig eru veitt verðlaun til vísindamanna og styrkir veittir úr Vísindasjóði Landspítala. Vísindaráð Landspítala er skipað tíu aðalmönnum og 10 varamönnum til fjögurra ára í senn.

### VÍSINDARÁÐ ÁRIÐ 2020



**Rósa Björk Barkardóttir** (formaður), náttúrufræðingur, yfirmaður rannsóknastofu í sameindameinafræði við meinafræðideild Landspítala og klínískur prófessor.



**Anna Margrét Halldórsdóttir**, sérfræðilæknir við Blóðbankann og klínískur dósent við Háskóla Íslands, hætti í lok árs 2020.



**Guðrún Kristjánsdóttir**, hjúkrunarfræðingur, forstöðumaður fræðasviðs við kvenna- og barnaþjónustu Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands, var í leyfi á árinu.



**Ingibjörg Gunnarsdóttir**, næringarfræðingur, deildarstjóri Næringarstofu Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands



**Jón Jóhannes Jónsson**, yfirlæknir við erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands, hætti á árinu.



**Jóna Freysdóttir**, náttúrufræðingur við ónæmisfræðideild Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands



**Sigurbergur Kárasón**, yfirlæknir við svæfinga- og gjörgæslulækningar og prófessor við Háskóla Íslands, Skipaður í stað Önnu M. Halldórsdóttur í lok árs.



**Hans Tómas Björnsson**, yfirlæknir á erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands. Skipaður í stað Þorvarðar J. Löve á árinu.



**Sigurður Guðjónsson**, sérfræðilæknir við þvægfæraskurðlækningar á Landspítala og lektor við Háskóla Íslands.



**Sigríður Zöega**, sérfræðingur í hjúkrun á Göngudeild við Landspítala og lektor við Háskóla Íslands.



**Þorvarður Jón Löve**, sérfræðilæknir við Vísindadeild Landspítala og dósent við Háskóla Íslands. Hætti á árinu.



**Sif Ormarsdóttir**, sérfræðilæknir við Meltingarlækningar, skipuð í stað Jóns Jóhannes Jónsonar á árinu.



**Marianne Klinke**, sérfræðingur í hjúkrun, forstöðumaður fræðasviðs við Kennslu- og rannsóknardeild og dósent við Háskóla Íslands.



**Þórunn Scheving Elíasdóttir** Hjúkrunarfræðingur, forstöðumaður fræðasviðs á Svæfingu við Landspítala og lektor við Háskóla Íslands. Starfandi varamaður í fjarveru Guðrúnar Kristjánsdóttur á árinu

VARAMENN 2020:

Auðna Ágústsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri  
 Inga Reynisdóttir, náttúrufræðingur og klínískur prófessor  
 Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir, læknir og lektor  
 María Kristín Jónsdóttir, sálfræðingur og dósent

Pórunn Jónsdóttir, sérfræðilæknir og lektor  
 Rannveig Jóna Jónsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun og lektor  
 Valtýr Stefánsson Thors, læknir og aðjúntur  
 Þór Eysteinnsson, náttúrufræðingur

STARFSMAÐUR VÍSINDARÁÐS:

Valgerður M. Backman, náttúrufræðingur, Vísindadeild

HELSTU ÁKVARÐANIR VÍSINDARÁÐS Á ÁRINU 2020

RAFÆNA STYRKUMSJÓNAKERFIÐ

Hönnuð var og tekin upp ný og skilvirkari aðferð við matsferli umsókna í rafrænu rannsóknar- og styrkumsjónarkerfi Landspítala.

MAT Á STYRKUMSÓKNUM OG NÝ MATSBLÖÐ

Árið 2019 stóð Vísindaráð fyrir endurskoðun á matsliðum og matsferli vorstyrksumsókna Vísindasjóðs (styrkjaflokkur A) með það að markmiði að auðvelda samræmingu einkunna frá mismunandi umsagnaraðilum við yfirferð nýrra umsókna til sjóðsins. Hannað var sérstakt matsblað til að auðvelda umsagnaraðilum

einkunnagjöf verkefnaumsókna til sjóðsins. Prufukeyrsla matsblaðsins gekk vel og matsblaðið var uppfært eftir árið að teknu tilliti til ábendinga. Haldið var áfram á sömu braut og sértakt matsblað einnig útbúið fyrir matsferil og einkunnagjöf á umsóknum frá ungum vísindamönnum til klínískra verkefna á Landspítala (styrkjaflokkur B).

Hér til hliðar er dæmi um matsblað Vísindasjóðs Landspítala. Matsblöð eru birt á vefsíðum Landspítala til að auka gagnsæi í umsóknarferli og matsferli umsókna.

Vísindaráð Landspítala – Matsblað fyrir einkunnagjöf verkefnisumsókna - 2021

	1	2	3	4	Getið einkunn á skilabnum 1-4
<b>Gæði umsóknar:</b> Lýsing á stöðu þekkingar, rannsóknaratriði, aðferðum, réttmæti málalags, tölfraeðisfræðingum, framkvæmda- og tímastælu, vörður, framlag, verkefninging, kostnaðaráætlun.	Ílla uminn umsóknir, þágnir verkefnis og heitursamsóknunum á sviðinu illa lýtt, erftitt að sjá samhengi milli stöðuþekkingar og verkefnis. Gæðis. Mægt af eftirfarandi illa uminn, lýsing á áhrifum, rannsóknaratriði og verkefningu ónoð, framkvæmda- og tímastælu ekki trúverðleg, vörður vantar, óskýr kostnaðaráætlun.	Fræmur víðhorfaend umsóknir fjallað er um og vísað til helstu rannsókna á sviðinu en tengi við rannsóknina eru ekki nægilega skýr. Gæðis. Lýsing á einu eða fleiru af eftirfarandi væðuga ábótavant, ótrúverðleg, eða vantar Aðferðarlýsingar, framkvæmda- og tíða tímastælu, vörður, verkefninging, kostnaðaráætlun.	Umsókn er vel gerð. Umsækjandi hefur góða þekkingu á helstu kenningum og rannsóknum á sviðinu og tengi vel við rannsóknina, vísað til nýjustu heimildir. Aðferðarlýsing er góð, verkefninging rannsakenda skýr, framkvæmda- og tímastælu samræmi við markmið og með vel skilgreindum vörðum. Flætt er um kosti og gæta, ótrúverðleg og skýr kostnaðaráætlun.	Umsókn er áberandi vel gerð. Umsækjandi hefur yfirgripsmikla þekkingu á kenningum og rannsóknum á sviðinu og tengi þá þekkingu við verkefnið á skýran hátt. Val á rannsóknaratriði og réttmæti málalags er vel lýst. Lýsing á áhrifum, tölfraeðisfræðingum, kostum og göllum, verk- og tímastælu, málalagum vörðum, hlutverki þátttakenda, kostnaðaráætlun, allt eintallega vel uminn og skýrt.	Vægi 40% Einkun og ríktstæðingur fyrir henni skal fara inn í rafræna kerfi Vísindasjóðs Landspítala
<b>Vísindaverkefnið eitt og sér:</b> Vísindalegt gildi og nýmæti, rannsóknaruppbygging og viðbót við þekkingu á fræðisviðinu, gæði og stærð rannsóknarfræðingur og tölfraeðisfræðingur, hve sa nafnfarandi verða svöð við rannsóknaruppbyggingu, líkni á birtningu í góðu einkunni.	Óljóst eða ófrumlegt verkefni með takmarkað vísindalegt gildi sem bætti litlu við núverandi þekkingu. Gæðis. Rannsóknaruppbygging er óljóst eða illa grunduð, markmiðin líta afmörkuð eða vantar, gæði rannsóknarfræðingur og stærð óljóst eða ónoð, tölfraeðisfræðingur óljóst og/ella ekki rétt.	Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar, er þarft, með vísindalegt gildi, en hefur lítið nýmæti. Gæðis. Rannsóknaruppbygging og markmið skiljanleg en ekki fullhuguð, stærð rannsóknarfræðingur og gæði nægleg og fylgja um tölfraeðisfræðingur afli. Ólíklegt þó að nýburstóður leidi til birtingar í góðu alþjóðlegu rit.	Frumlegt verkefni með gott vísindalegt gildi sem aukur við þekkingu á fræðisviðinu alþjóðavísu. Rannsóknaruppbygging og markmið skýr, gæði rannsóknarfræðingur góð og lýst að tölfraeðisfræðingur afli sé næglegt til að svara rannsóknaruppbyggingu með nægu vissu líklegt að verkefnið leidi til birtingar í góðu alþjóðlegu fagtimarit.	Frumlegt verkefni með mikil vísindalegt gildi og nýmæti. Rannsóknaruppbygging og markmið skýr, gæði rannsóknarfræðingur góð og enginn vafi að tölfraeðisfræðingur afli leði nægt til að svara öllum rannsóknaruppbyggingum á mjög samfærandi hátt. Verkefnið er líklegt til að leða til birtingar mjög virtu alþjóðlegu fagtimarit.	Vægi 40% Einkun og ríktstæðingur fyrir henni skal fara inn í rafræna kerfi Vísindasjóðs Landspítala
<b>Vísindatengdur árangur umsækjenda:</b> *Aðalumsækjandi: Reyntu og árangur í vísindum á fræðisvið verkefnis og í stöðum vísindaverkefna.	Aðalumsækjandi hefur titillaga titill vísindalega reyntu á fræðisvið verkefnis og hefur fáan birtingar vísindalegum alþjóðlegum tímaritum sem fyrsti eða síðasti höfundur (þær en 5). *Aðalumsækjandi: Reyntu og árangur í vísindum á fræðisvið verkefnis og í stöðum vísindaverkefna.	Aðalumsækjandi hefur vísindalega reyntu á fræðisvið verkefnisins en fáan birtingar vísindalegum alþjóðlegum tímaritum sem fyrsti eða síðasti höfundur (þær en 5). *Aðalumsækjandi: Reyntu og árangur í vísindum á fræðisvið verkefnis og í stöðum vísindaverkefna.	Aðalumsækjandi hefur góða vísindalega reyntu á fræðisvið verkefnis, með góðum ritastöð og yfir 10 birtingar sem fyrsti eða síðasti höfundur í góðum vísindalegum alþjóðlegum tímaritum. Hann er með góða reyntu í stöðum vísindaverkefna.	Aðalumsækjandi er virtur vísindamaður á fræðisvið verkefnis og er með ritastöð sem inniheldur margar birtingar í alþjóðlegum virtum ritum og yfir 10 birtingar sem fyrsti eða síðasti höfundur í góðum vísindalegum alþjóðlegum tímaritum. Hann er með mjög góða og árangursríka reyntu í stöðum vísindaverkefna.	Vægi 20% Einkun og ríktstæðingur fyrir henni skal fara inn í rafræna kerfi Vísindasjóðs Landspítala

\*Vísindatengdur árangur aðalumsækjanda skal ráða einkunnarflokkinn ef tilefni er til má hækka um hálfan innan einkunnarflokks (1.d. ur 2.1.2) ef einn eða fleiri meðumsækjendur eru vísindarannsóknarmenn sem hafa góða og árangursríka vísindalega reyntu á fræðisviðinu, með ritastöð sem inniheldur margar birtingar í góðum alþjóðlegum ritum, þar á meðal á m.á. 5 birtingar sem fyrsti eða síðasti höfundur.

HÁMARKSJÖLDI STYRKJA TIL SAMA VERKEFNIS VERÐUR AÐ JAFNAÐI ÞRÚJÚ ÁR

Vísindaráð samþykkti að hámarksfjöldi styrkja frá Vísindasjóði Landspítala til sama verkefnis án þess að greinabirting hafi átt sér stað sé 3 ár. Ef styrkhafi telur að viðbótarstyrkur muni leiða til þess að hægt sé að

klára verkefnið og birta niðurstöður þess í ritrýndu fagblaði getur hann sent inn umsókn á sérstöku eyðublaði þar sem hann þarf að gera ítarlega grein fyrir verkefninu og stöðu þess ásamt því að fylla út framvinduskýrslu og færa rök fyrir því að með viðbótarstyrk verði hægt að klára verkefnið og birta niðurstöður þess.

---

## HÁMARKSFJÖLDI STYRKJA Á ÁRI VEITTUR TIL SAMA VÍSINDAMANNS ERU ÞRÍR

Í þeirri viðleitni Vísindaráðs að hækka styrkupp hæðir sem veittar eru til hvers verkefnis var ákveðið að hámarksfjöldi styrkja yrðu þrjú sem hver vísindamaður getur fengið á ári. Með hækkun styrkupp hæðar til hvers verkefnisins aukast líkur á því að vísindamenn geti klárað vísindarannsóknina á styttri tíma en ella og orðið þannig samkeppnishæfari um birtingar rannsóknaniðurstaðna.

---

## TILNEFNINGAR OG VAL Á HEIÐURSVÍSINDAMANNI LANDSPÍTALA

Vísindaráð samþykkti breytingar á ferli tilnefninga á Heiðursvísindamanni Landspítala þannig að hér eftir mun einnig verða óskað eftir tilnefningum frá starfsmönnum Landspítala með auglýsingum.

---

## ÁGRIP VERKEFNA Í TENGLUM VIÐ VÍSINDI Á VORDÖGUM OG ENSKUR TEXTI

Nokkuð bar á að innsend ágrip vegna Vísinda á vordögum væru send inn á ensku. Vísindaráð samþykkti breytingu á reglum er varða þá kröfu um að ágrip séu á íslensku nema fyrsti og síðasti höfundur væru enskumælandi á þann veg að ágrip skuli vera á íslensku nema að fyrsti höfundur sé ekki íslenskur og fari fram á að nota ensku. Þessi breyting er gerð með það fyrir augum að mismuna ekki starfsmönnum og nemendum sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

## VÍSINDASJÓÐUR-ÚTHLUTUN STYRKJA 2020

Eins og oft áður var umfangsmesta verkefni Vísindaráðs á árinu 2020 umsýja með yfirferð og mati á styrkumsóknum sem bárust Vísindasjóði Landspítala. Styrkjaflokkarnir eru tveir, annars vegar verkefnastyrkir til rannsóknarverkefna vísindafólks á Landspítala sem úthlutað er til að vori (flokkur A) og hins vegar styrkir til ungra starfsmanna til klínískra rannsókna (flokkur B) með úthlutun í desember.

Auglýst var eftir styrkumsóknum vegna vorúthlutunar sjóðsins þann 20. desember 2019 og var umsóknarfrestur til 1. febrúar 2020. Sjóðnum bárust 96 umsóknir. Úthlutað var styrkjum til 83 verkefna að heildarfjárhæð um 83 milljónir króna. Meðalupphæð styrkja var tæplega 1 milljón kr. Styrkir voru að þessu sinni afhentir þann 8. maí á rafrænu formi vegna kórónuveirufaraldursins, en ekki á Vísindi á vordögum eins og hefð hefur verið fyrir.


Auglýst var eftir styrkumsóknum frá ungum starfsmönnum Landspítala til klínískra rannsókna um miðjan september og var frestur til að skila inn umsókn 27. október 2020. Umsóknarfrestur var síðan lengdur til 5. nóvember til mótvægis við COVID-19 annir hugsanlegra umsækjenda.

Markmið styrkjaflokks B er að efla klínískar rannsóknir á Landspítala og styðja við rannsóknarvirgni ungra vísindamanna. Úthlutað var styrkjum til 11 verkefna, að heildarfjárhæð um 15 milljónir króna. Afhending

styrkja fór fram við hátíðlega athöfn 2. desember 2020 í beinu streymi. Inga Þórsdóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands ávarpaði fundinn og Þórdís K. Þorsteinsdóttir, forstöðumaður Rannsóknarstofu í bráðafræðum á Landspítala og dósent við Háskóla Íslands flutti erindið „Ungur vísindamaður og hvað svo? Klínískur rannsakandi á Landspítala“. Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala og formaður stjórnar Vísindasjóðs ávarpaði fundinn og tilkynnti formlega um veitingu styrkjanna og styrkþegar gerðu stuttlega grein fyrir rannsóknarverkefnum sínum. Fundarstjórn fh. Vísindaráðs var í höndum Ingibjargar Gunnarsdóttur, deildarstjóra Næringarstofu Landspítala og prófessors við Háskóla Íslands.


Auglýst var eftir umsóknum um vorstyrki Vísindasjóðs 2021 strax þann 8. desember 2020 og var umsóknarfrestur til og með 25. janúar 2021. Var sá umsóknarfrestur um 2 vikum fyrr en árið 2019 og rúmlega viku fyrr en árið 2020. Tilgangur með breytingum á umsóknarfresti er vegna ákvörðunar Vísindaráðs að færa umsóknartímabil framár með það markmið að úthlutun geti orðið fyrr en einnig til að gefa aukinn tíma til faglegrar yfirferðar og mats á umsóknum.

## VÍSINDASJÓÐUR -YFIRLIT 2020



Mynd 1

### Fjöldi styrkumsókna og fjöldi úthlutuna milli ára




Mynd 2

### Meðalupphæð styrkja milli ára




Mynd 3

### Skipting styrkja eftir kyni




Mynd 4

### Dreifing styrkja eftir sviðum 2020



Mynd 5

## VÍSINDI Á VORDÖGUM 2020



Vísindi á vordögum er uppskeruhátíð vísinda á Landspítalanum. Megintilgangur Vísinda á vordögum er að skapa vettvang fyrir starfsfólk Landspítala til að hittast og gefa sér tóm til að ræða um vísindi og kynna sér hvað aðrir á spítalanum eru að fást við í rannsóknum sínum. Undirbúningur hátíðarinnar var alfarið í höndum Vísindaráðs ásamt starfsmanni ráðsins, Valgerði M. Backman, verkefnisstjóra á Vísindadeild Landspítala.

Í upphafi ársins var ákveðið að stefnt skyldi að því að halda Vísindi á vordögum þann 8. maí. Auglýst var eftir ágripum veggspjalda vísindaverkefna strax um miðjan febrúar. Fjöldi innsendra ágripa var 33 og voru þau öll samþykkt til birtingar. Í byrjun apríl var orðið ljóst að ekki yrði hægt að halda Vísindi á vordögum 2020 með sama sniði og áður vegna strangra sóttvarnarregla og ákvörðun



tekin um að fresta uppskeruhátíð vísindanna fram á haustið með byrjun október í huga. Auglýst var aftur eftir ágripum um mitt sumar og gátu vísindamenn sent inn ný ágrip og/eða uppfært ágrip sem áður höfðu verið send inn. Nokkur ágrip bættust við/voru uppfærð og voru alls 49 ágrip send til birtingar í fylgiriti Læknablaðsins, nr. 104, 2020. Að nýju varð ljóst að hátíðin, Vísindi að hausti 2020, gat ekki farið fram með hefðbundnu sniði og skjót handtök þurfti til að setja upp rafræna útfærslu á hátíðinni.



Vísindi að hausti 2020 var þannig haldin í beinu streymi með áður auglýstri dagskrá þann 7. október í Hringssal Landspítala við Hringbraut. Rósa Björk Barkardóttir, formaður Vísindaráðs, setti hátíðina og Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala og formaður Vísindasjóðs Landspítala flutti ávarp. Formaður Vísindaráðs tilkynnti val á heiðursvísindamanni Landspítala árið 2020 og hlaut

heiðrunina Davíð Ottó Arnar, yfirlæknir hjartalækninga á Landspítala og gestaprófessor við læknadeild Háskóla Íslands. Heiðursvísindamaðurinn hélt í kjölfarið fyrirlestur þar sem hann fór yfir feril sinn og rannsóknir sínar. Anna Margrét Halldórsdóttir tilkynnti fyrir hönd Vísindaráðs val á ungum vísindamanni Landspítala 2020 og

varð Hrafnhildur L. Runólfssdóttir, sérnámslæknir, fyrir valinu. Hrafnhildur hélt í kjölfarið kynningu á rannsóknum sínum. Valgerður Margrét Backman, verkefnastjóri á Vísindadeild og starfsmaður Vísindaráðs opnaði formlega rafrænan veggspjaldavef hátíðarinnar sem hannaður var sérstaklega í samvinnu við samskiptadeild Landspítala og mun framvegis verða hluti af vefsíðu hátíðar hvert ár. Að því loknu héldu Elías Eyþórsson, sérnámslæknir í lyflækningum, og Sigríður Zøega, sérfræðingur í hjúkrun, fyrirlestur um rannsóknir sínar á COVID-19. Fundarstjórn fyrir hönd Vísindaráðs var í höndum Rósu Björk Barkardóttur, formanns ráðsins.

Vísindaráð valdi einnig sérstaklega úr innsendum styrkumsóknum eitt framúrskarandi verkefni, að beiðni stjórnar Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands (MLÍ). sem sjóðurinn styrkti um 2 milljónir króna. Þetta er í þriðja sinn sem MLÍ veitir vísindastyrk til starfsmanna Landspítalans. Viðar Örn Eggertsson, yfirlæknir barnalækninga Landspítala og verkefni hans varð þessa heiðurs aðnjótandi í ár. Þorbjörg Guðnadóttir, fyrir hönd stjórnar MLÍ, veitti styrkinn og styrkþegi kynnti verðlaunaverkefni sitt.



Príur vísindamenn fengu verðlaun fyrir ágrip/veggspjöld sín í formi fjárstyrks til að sækja ráðstefnu til kynningar á niðurstöðum vísindaverkefnis síns; Aron Hjalti Björnsson, sérnámslæknir og doktorsnemi, Íris Kristinsdóttir, kandídat og doktorsnemi og Bylgja Hilmarsdóttir, vísindakona og verkefnisstjóri á meinafræðideild Landspítala.

Vísindi á vordögum (að hausti 2020) er uppskeruhátíð vísinda á Landspítalanum. Mikilvægt er að staldra við og horfa til baka yfir liðið ár í vísindum þrátt fyrir hömlur og sóttvarnir enda sofa vísindin aldrei. Með flutningi hátíðar á rafrænt form má áætla að fjöldi þeirra sem fylgdist með

hátíðinni að þessu sinni hafi verið mun meiri en fyrri ár og upptaka af hátíðinni er og verður aðgengileg til frambúðar. Einnig er viðbúið að veggspjöld sem kynnt voru á hátíðinni á rafrænu formi hafi fengið meiri skoðun en ef þau hefðu aðeins verið kynnt í einn dag. Margir hafa skoðað efni hátíðarinnar á sérstakri vefsíðu sem hönnuð var í tilefni hátíðarinnar. Mikilvægt er að starfsmenn og aðrir hafi tækifæri til að kynna sér þær vísindarannsóknir sem stundaðar eru á spítalanum og að taka þátt í Vísindi á vordögum er ekki síður mikilvægt fyrir þá starfsmenn spítalans sem eru að stíga sín fyrstu skref í rannsóknum. Þannig skapast reynsla fyrir áframhaldandi sigra í heimi vísindanna. Mikilvægi vísindastarfsemi í rekstri Landspítala er óumdeild. Með





öflugri vísindastarfsemi verður til þekking sem kemur skjólstæðingum Landspítala og vísindasamfélaginu öllu til góða. Vísindi á vordögum er tilvalinn vettvangur til að kynna niðurstöður rannsókna fyrir samstarfsfólki og öðrum áhugasömum.

[Dagskrá Vísinda á vordögum 2020](#)

[Fylgirit Læknablaðsins 2020](#)


[Vefsíða Vísinda á vordögum 2020](#)

[Vefsíða veggspjalda 2020](#)

[Yfirlit styrkúthlutunar úr Vísindasjóði 2020](#)



## VÍSINDI Á VORDÖGUM-YFIRLIT INNSENDING ÁGRIPA



## UM VÍSINDASJÓÐ LANDSPÍTALA

Vísindasjóður Landspítala veitir árlega um 100 milljónum króna í styrki til starfsmanna spítalans. Sjóðurinn var formlega stofnaður á árinu 2000 við sameiningu vísindasjóða Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur og voru fyrstu styrkveitingar úr sameinuðum sjóðum á árinu 2002. Vísindasjóður veitir styrki úr sjóðnum byggt á tillögum Vísindaráðs Landspítala.

### STJÓRN VÍSINDASJÓÐS LANDSPÍTALA

Páll Matthíasson forstjóri, formaður

Ólafur Baldursson framkvæmdastjóri lækninga

Ólafur D. Andrason, framkvæmdastjóri skrifstofu fjármála

Rósa Björk Barkardóttir, yfirmaður sameindameinafræði meinafræðideildar og klínískur prófessor

Sigríður Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar